

## GJALDKRÁ

### fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

| Gjaldið er sem hér greinir:   |                        | Kr.    |
|---|------------------------|--------|
| Íbúðir á Grenivík   | Sorphirðugjald .....   | 6.600  |
| Sveitabýli eða sveitaheimili  | Sorpeyðingargjald..... | 4.400  |
| Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili. |                        | Kr.    |
| Fyrirtæki flokkur 1   | Sorpeyðingargjald..... | 4.400  |
| " 2   | " .....                | 6.600  |
| " 3   | " .....                | 20.000 |
| " 4   | " .....                | 40.000 |

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. apríl 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um pósthjónustu nr. 161/1990.

#### 1. gr.

Við grein 1.3.9.2. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og símamálastofnun er heimilt að veita viðbótarafslátt, ef um er að ræða umtalsverðan fjölda sendinga eða samið er um viðskipti til langs tíma enda sé um fjárhagslega hagkvæm viðskipti að ræða.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 38. gr. póstlaga nr. 33/1986 til þess að öðlast þegar gildi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 15. apríl 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*